

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Kjölur
stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu,
hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

Inngangur

Aðilar eru sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að sameiginlegum markmiðum, svo sem lægri verðbólgu, auknum kaupmætti og stöðugleika í íslensku efnahagslífi til lengri tíma. Þá er einnig markmið að stuðla að bættum vinnubrögðum við samningagerð meðal annars til að skapa samfellu og einfalda og samræma kjarasamninga auk þess sem lögð verði áhersla á að nýr kjarasamningur taki við af eldri samningi.

Samkomulag BSRB og fjármála- og efnahagsráðherra varðandi viðræðuáætlun og önnur atriði svo sem fyrirkomulag á 0,1% viðbótarframlagi til fræðslumála og endurskoðun lífeyrisréttinda gildir einnig um þennan samning og verður hluti hans.

Þann 17. febrúar 2014 sameinuðust Kjölur stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu og Starfsmannafélag Skagafjarðar (SFS). Félagsmenn sem áður voru í SFS tilheyra nú Skagafjarðardeild innan Kjalar. Samningsaðilar eru sammála um að kjarasamningur SFS frá 31. maí 2011 gildi með þeim breytingum sem samkomulag þetta felur í sér. Á samningstímanum verði unnið að gerð sameiginlegs kjarasamnings fyrir alla félagsmenn Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu.

1. gr.
Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. mars 2014 til 30. apríl 2015 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.
Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.3.2014: 2,8% eða 8.000 kr. að lágmarki fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Á launataxta lægri en 230.000 kr. komi sérstök hækkun til viðbótar um 1.750 kr.

Við samþykkt kjarasamnings greiðist sérstök eingreiðsla, 14.600 kr., m.v. fullt starf hverjum starfsmanni sem var við störf í febrúar 2014 og er enn í starfi 1. mars 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega m.v. starfstíma og starfshlutfall í febrúar. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausum leyfi.

1.4.2015: Eingreiðsla 20.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í febrúar 2015. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausum leyfi.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skv. kjarasamningnum skulu ekki vera lægri en 214.000 kr. á mánuði frá 1. mars 2014 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfelld hjá sömu stofnun.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 73.600 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 39.500 kr.

4. gr.

Framlagning vaktskrár

2.6.2 Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum, skal vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24. klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 2 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

5. gr.

Vinnusókn og ferðir

- 5.4.2.3 Þær stofnanir sem staðsettar eru a.m.k. 1,5 km utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu, í stofnanasamningi skv. kafla 11, semja um greiðslur ferðakostnaðar fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.

6.grein

Fræðslumál

Grein 10.1 breytist og verður sem hér segir:

10.1 Nám á grundvelli endurmenntunar-/starfsþróunaráætlunar

- 10.1.1 Í þeim námskerfum sem samningaðilar standa að, á starfsmaður sem unnið hefur a.m.k. fjóra mánuði hjá sömu stofnun, rétt á leyfi til að stunda þær námsleiðir sem þar er boðið upp á.

Starfsmaður sem unnið hefur fjögur ár hjá sömu stofnun ávinnur sér einnar viku leyfi á hverju ári til að stunda aðra endurmenntun en um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem fellur að starfsþróunaráætlun stofnunar og/eða starfsmanns, þannig að eftir fyrstu fjögur árin í starfi á starfsmaður uppsafnaðar fjórar vikur í námsleyfi. Þó getur uppsafnaður réttur aldrei orðið meiri en 6 mánuðir og greiðist ekki út við starfslok.

Starfsmaður sem unnið hefur fjögur ár hjá sömu stofnun og starfs síns vegna sækir sér menntun á hæfnisþrepi 5 (bakkalárpróf) eða ofar samkvæmt hinu íslenska hæfnisþrepakerfi, á grundvelli starfsþróunaráætlunar stofnunar og/eða starfsmanns, ávinnur sér tveggja vikna leyfi á hverju ári. Þó getur uppsafnaður réttur aldrei orðið meiri en 6 mánuðir og greiðist ekki út við starfslok.

Í stofnun sem ekki hefur sett sér starfsþróunaráætlun á starfsmaður sama rétt til leyfis vegna náms og um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, enda sé um nám að ræða sem tengist starfi viðkomandi.

Heimilt er að veita skemmri eða lengri námsleyfi á skemmra eða lengra árabili.

10.1.2 Launagreiðslur í námsleyfi

Í leyfinu skal starfsmaður halda reglubundnum launum sbr. skilgreiningu í gr. 12.2.6.

Heimilt er að greiða ferða- og dvalarkostnað samkvæmt 5. kafla.

- 10.1.3 Stofnun er heimilt að takmarka þann fjölda sem nýtir sér þennan rétt við 10% á ári, annað hvort miðað við fjölda vikna eða fjölda starfsmanna sem nýtir sér leyfið, ef aðsókn verður það mikil að það valdi erfiðleikum í rekstri stofnunar.

7. gr.
Röðun starfa

Við grein 11.3.1 bætist ný málsgrein, 2. mgr. og verður greinin með þeirri breytingu sem hér segir:

11.3.1 Í stofnanasamningi skal semja um grunnröðun starfa og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Við ákvörðun á röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Starfslýsingar eru ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa t.d. í tengslum við starfsmannasamtöl.

Við röðun starfa skal taka mið af eftirfarandi þáttum:

1. Skipuriti stofnunar eða öðru formlegu starfsskipulagi.
2. Umfangi verkefna/starfa (gæti verið mælt í manna- eða fjárforráðum eða „þyngd“ verkefna og/eða starfsmati).

Sinni félagsmaður starfi sem jafnframt er samið um í stofnanasamningi annars stéttarfélags við sömu stofnun skal stofnun leitast við að gæta jafnræðis hvað varðar röðunarviðmið og launasetningu fyrir starfið.

8. gr.
Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 16. apríl 2014 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 4. apríl 2014

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra

með fyrirvara um samþykki

Halldóra Friðjónsdóttir (sign.)

Einar Mar Þórðarson (sign.)

f.h. Kjalar stéttarfélags starfsmanna í
almannabjónustu,

með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Arna Jakobína Björnsdóttir (sign.)

Árni Egilsson (sign.)

**Bókanir með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs**

og

Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannapjónustu

4. apríl 2014

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að framlengja bókun 4 með síðasta kjarasamningi um sérstakt tímabundið framlag til Fræðslusetursins Starfsmenntar óbreyttri út komandi samningstímabil.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að skoða ábyrgðarsvið og launaröðun tiltekinna hópa er starfa á heilbrigðis- og menntastofnunum. Kannaðar verði leiðir til að styðja við starfsþróun þeirra félagsmanna, m.a. með tilliti til þróunar og útfærslu á notkun raunfærnimats.

Samstarfsnefndir á stofnunum skulu koma sér saman um nánari útfærslu en fjármagn til þessa verkefnis er allt að 5,7 milljónum króna. Þá er átt við kostnaðarauka stofnana að meðtöldum launatengdum gjöldum. Breytingar sem samstarfsnefndir koma sér saman um gilda frá 1. mars 2014.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum verði unnið að frekari útfærslu á gerð og framkvæmd stofnanasamninga.

Í því augnamiði munu aðilar standa fyrir sameiginlegri fræðslu fyrir stjórnendur stofnana og fulltrúa stéttarfélaga í samstarfsnefndum um gerð stofnanasamninga. Markmiðið er að fulltrúar beggja vegna borðsins fái sameiginlegan skilning á markmiðum og uppbyggingu samninganna.

Stýrihópur skipaður fulltrúum ríkisins, stéttarfélaga og fulltrúa frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana hefur umsjón með gerð námskrár og skipulagningu fræðslunnar. Leitað verði eftir sem víðtækastri samvinnu um verkefnið.

Bókun 4

Aðilar eru sammála um að starfsmönnum með viðeigandi háskólamenntun verði ekki gert að skipta um stéttarfélag við það eitt að ábyrgðarsviði og kröfum í starfi þeirra sé breytt þannig að gerð verði krafa um háskólamenntun í þeim störfum sem um ræðir. Óski starfsmaðurinn eftir óbreyttri stéttarfélagsaðild skal samstarfsnefnd stofnunar taka ákvörðun um röðun og röðunarforsendur starfs þannig að laun og starfskjör verði sambærileg fyrir sömu og sambærileg störf á stofnun án tillitis til stéttarfélagsaðildar.

Bókun 5

Fyrir liggja drög að heildstæðu námskerfi fyrir félagi í stéttarfélögum með aðild að Fræðslusetrinu Starfsmennt, og eftir atvikum aðra opinbera starfsmenn, sem hefur vinnuheitið „Fram fyrir skjöldu“. Aðilar gera ráð fyrir að koma fullnaðarmynd á verkefnið og taka fyrstu skref við gangsetningu þess á samningstímanum.

Fylgiskjal 1

Launatafla *Kjalar, stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu*. Gildir frá 1. mars 2014.

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	201.406	204.340	207.274	210.208	213.142	216.076	219.009	221.943	224.877
2	204.340	207.347	210.355	213.362	216.369	219.376	222.384	225.391	228.398
3	207.347	210.429	213.512	216.594	219.677	222.759	225.842	228.924	232.006
4	210.429	213.588	216.748	219.907	223.067	226.226	229.386	232.545	235.705
5	213.588	216.826	220.065	223.303	226.542	229.780	233.019	236.257	238.546
6	216.826	220.145	223.465	226.784	230.104	233.423	236.742	239.112	241.431
7	220.145	223.547	226.950	230.352	233.755	236.207	239.609	241.062	242.889
8	223.547	227.034	230.522	234.009	236.547	238.284	239.822	242.409	244.896
9	227.034	230.609	234.183	236.808	238.632	240.257	242.932	245.506	247.181
10	230.609	234.273	236.987	238.901	240.615	243.279	246.043	247.807	250.471
11	234.273	237.079	239.084	240.890	242.745	246.501	248.356	251.112	252.868
12	237.079	239.178	241.078	243.027	246.877	248.826	250.676	253.525	255.575
13	239.178	241.174	243.219	247.165	249.211	251.157	254.102	256.248	259.194
14	241.174	243.318	246.463	249.507	251.551	254.596	256.840	258.884	262.929
15	243.318	246.563	249.709	251.854	255.000	257.345	259.491	263.636	267.782
16	246.563	249.812	252.061	255.310	257.759	260.008	264.257	268.507	272.756
17	249.812	252.167	254.623	258.078	260.433	264.789	269.144	273.499	277.854
18	252.167	254.731	258.295	260.760	265.224	269.688	274.152	278.616	283.080
19	254.731	258.407	260.983	265.558	270.134	274.710	279.286	283.861	288.437
20	258.407	261.097	265.787	270.478	275.168	279.858	284.548	289.238	293.934
21	261.097	265.904	270.712	275.519	280.327	285.134	289.942	294.778	299.720
22	265.904	270.832	275.759	280.687	285.614	290.542	295.519	300.584	305.650
23	270.832	275.883	280.934	285.984	291.035	296.152	301.345	306.537	311.729
24	275.883	281.060	286.237	291.414	296.672	301.994	307.315	312.638	317.960
25	281.060	286.367	291.673	297.071	302.526	307.982	313.436	318.892	324.346
26	286.367	291.806	297.344	302.936	308.527	314.119	319.710	325.305	331.134
27	291.806	297.484	303.215	308.946	314.678	320.409	326.179	332.154	337.058
28	297.484	303.359	309.233	315.108	320.982	326.927	333.050	338.103	343.156
29	303.359	309.380	315.402	321.423	327.539	333.816	339.022	343.157	348.455
30	309.380	315.552	321.724	328.009	334.443	338.734	344.097	349.592	355.142
31	315.552	321.878	328.332	334.927	339.379	344.902	350.591	356.307	361.541
32	321.878	328.496	334.185	339.872	345.561	351.444	355.667	362.775	369.999
33	328.496	334.354	340.211	346.080	352.143	356.542	363.860	371.263	378.668
34	334.354	340.384	346.439	351.572	357.258	364.785	372.374	379.963	387.553
35	340.384	346.623	351.940	357.810	365.542	373.322	381.102	388.880	396.661
36	346.623	352.128	358.187	366.127	374.101	382.075	390.049	398.022	405.995
37	352.128	358.380	366.525	374.699	382.871	391.046	399.219	407.391	415.565
38	358.380	366.730	375.108	383.485	391.863	400.242	408.620	416.996	425.374
39	366.730	375.318	383.905	392.491	401.078	409.666	418.252	426.840	435.428
40	375.318	384.119	392.920	401.723	410.525	419.326	428.128	436.930	445.731
41	384.119	393.140	402.162	411.184	420.206	429.228	438.249	447.270	456.291
42	393.140	402.389	411.636	420.883	430.130	439.379	448.624	457.873	467.119
43	402.389	411.866	421.345	430.825	440.304	449.781	459.259	468.739	478.217
44	411.866	421.583	431.297	441.014	450.728	460.444	470.160	479.876	489.590
45	421.583	431.540	441.499	451.456	461.415	471.374	481.331	491.289	501.249
46	431.540	441.747	451.954	462.161	472.370	482.576	492.783	502.990	513.198
47	441.747	452.209	462.673	473.135	483.597	494.061	504.522	514.985	525.447
48	452.209	462.934	473.658	484.382	495.106	505.830	516.555	527.279	538.003
49	462.934	473.925	484.918	495.911	506.903	517.895	528.886	539.880	550.872
50	473.925	485.192	496.460	507.727	518.994	530.261	541.528	552.795	564.062
51	485.192	496.742	508.292	519.839	531.389	542.937	554.486	566.034	577.583
52	496.742	508.579	520.417	532.254	544.092	555.928	567.766	579.603	591.440

Fylgiskjal 2

Launatafla *Kjalar, stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu, Skagafjarðardeild*. Gildir frá 1. mars 2014.

	1	2	3	4	5	6
001	201.406	203.166	204.953	206.767	208.608	210.476
002	204.953	206.767	208.608	210.476	212.372	214.297
003	208.608	210.476	212.372	214.297	216.251	218.234
004	212.372	214.297	216.251	218.234	220.247	222.290
005	216.251	218.234	220.247	222.290	224.364	226.469
006	220.247	222.290	224.364	226.469	228.605	230.773
007	224.364	226.469	228.605	230.773	232.974	235.208
008	228.605	230.773	232.974	235.208	236.525	238.826
009	232.974	235.208	236.525	238.826	240.162	241.583
010	236.525	238.826	240.162	241.583	243.989	244.532
011	238.412	239.833	242.239	242.782	245.261	246.877
012	242.239	242.782	245.261	246.877	248.431	250.023
013	245.261	246.877	248.431	250.023	251.654	253.325
014	248.431	250.023	251.654	253.325	255.136	256.988
015	251.654	253.325	255.136	256.988	258.781	260.616
016	255.136	256.988	258.781	260.616	263.493	266.413
017	258.781	260.616	263.493	266.413	269.377	272.386
018	263.493	266.413	269.377	272.386	275.440	278.540
019	269.377	272.386	275.440	278.540	281.686	284.879
020	275.440	278.540	281.686	284.879	288.120	291.410
021	281.686	284.879	288.120	291.410	294.778	298.262
022	288.120	291.410	294.778	298.262	301.798	305.388
023	294.778	298.262	301.798	305.388	309.031	312.729
024	301.798	305.388	309.031	312.729	316.482	320.292
025	309.031	312.729	316.482	320.292	324.159	328.206
026	316.482	320.292	324.159	328.206	332.359	335.502
027	324.159	328.206	332.359	335.502	338.709	343.052
028	332.359	335.502	338.709	343.052	346.411	349.933
029	338.709	343.052	346.411	349.933	353.523	356.630
030	346.411	349.933	353.523	356.630	361.545	366.619
031	353.523	356.630	361.545	366.619	371.769	376.997
032	361.545	366.619	371.769	376.997	382.303	387.690
033	371.769	376.997	382.303	387.690	393.156	398.705
034	382.303	387.690	393.156	398.705	404.337	410.053
035	393.156	398.705	404.337	410.053	415.854	421.744
036	404.337	410.053	415.854	421.744	427.721	433.787
037	415.854	421.744	427.721	433.787	439.946	446.196
038	427.721	433.787	439.946	446.196	452.542	458.981
039	439.946	446.196	452.542	458.981	465.516	472.151
040	452.542	458.981	465.516	472.151	478.885	485.721
041	465.516	472.151	478.885	485.721	492.657	499.698
042	478.885	485.721	492.657	499.698	506.844	514.099
043	492.657	499.698	506.844	514.099	521.461	528.935
044	506.844	514.099	521.461	528.935	536.518	544.219
045	521.461	528.935	536.518	544.219	552.033	559.964